



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Reykjavík 8. mars 2019

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um drög að frumvarpi til nýrra laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Almenn umsögn

Meðfylgjandi er umsögn Kennarasambands Íslands um drög að frumvarpi til nýrra laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Kennarasambandið fagnar áherslu stjórnvalda á samráð og telur að Samráðsgátt stjórnvalda geti verið öflugt og gott tæki til stuðnings lýðræðislegri ákvarðanatöku. Kennarasambandið minnir á nýlega úttekt Evrópumíðstöðvar á tilteknum þáttum íslenskrar skólaþróunar sem gefur skýrt til kynna að innleiðingu breytinga í íslensku menntakerfi þurfi að fylgja meiri stuðningur og eftirfylgni. Þær viðamiklu breytingar sem nú er stungið upp á standa og falla með þeirri útfærslu og þeim stuðningi sem þeim fylgir. Hér á eftir koma nokkrar almennar athugasemdir við frumvarpsdrögin eins og þau standa.

3.-4. gr. Hæfniviðmið og almenn hæfni kennara

Með því að leggja áherslu á hæfni með þeim hætti sem gert er verður til ákveðið samræmi í íslensku menntakerfi. Í lögnum eru sett fram bæði almenn og sérhæfð hæfniviðmið sem „nýtast sem leiðsögn um inntak kennaramenntunar, eru viðmið um skilyrði fyrir leyfisbréfi, eru grunnur að innra og ytra mati á gæðum skólastarfs, veita leiðsögn um starfsþróun og endurmenntun kennara og veita leiðsögn við ráðningu kennara.“ Nálgun út frá hæfniviðmiðum er ekki einföld og því er afar mikilvægt að útfærslan sé vönduð og ígrunduð – sem og að nægur sveigjanleiki sé til staðar til að bregðast við mögulegum álitamálum og umbótum. Það kann að vera flókið að byggja ákvarðanir, t.d. við ráðningar, á almennum og opnum viðmiðum og erfitt getur reynt að velja hæfasta einstaklinginn úr hópi umsækjenda.

Almennt má segja um almennu hæfniviðmiðin að þau einkennist af anda núgildandi menntastefnu. Einstök viðmið kunna þó að vera svo metnaðarfull að hæpið sé að kennari, sérstaklega við upphaf starfsævinnar, uppfylli þau í raun og veru. Þar sem hæfniviðmið hafa í þessari útfærslu mikið vægi á öllum sviðum skólastarfs skiptir máli að þau séu raunhæfur grunnur sem byggja má á og séu það leiðarljós sem þeim er ætlað að vera á eðlilegan og sanngjarnan hátt.

Þessari nálgun þarf því að fylgja verulegur stuðningur og leiðbeiningar. Þá þarf að vera til staðar kerfislegur sveigjanleiki og víðtækt samráð. Líklega fer betur á því að hæfniviðmiðin sjálf séu í reglugerð en lögum.

Þá telur Kennarasambandið nauðsynlegt að gera kröfu um góða íslenskuþekkingu kennara og tekur undir umsögn íslenskrar málnefndar og Samtaka móðurmálskennara að því leyti.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Loks telur Kennarasambandið æskilegt að undirstrikað sé í almennum hæfniviðmiðum mikilvægi faglegs samstarfs kennara við aðra kennara og sérfræðinga en ekki einungis leiðtogahlutverk hvers og eins innan skólasamfélagsins.

5. gr. Sérhæfð hæfni kennara

Kennarasambandið fagnar því að gerðar séu sérhæfðar kröfur um stjórnendur í skólakerfinu. Mikilvægt er að standa að metnaði á menntun og starfsþróun stjórnenda, ekki síður en kennara. Þó þarf að huga vel að því með hvaða hætti kennarar geti öðlast stjórnunarreynslu.

Skoða þarf grannt skilgreiningar á sérhæfðri hæfni leik- og grunnskólakennara. Í drögunum er vísað á stig 1.1. í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Þar sem stig 1.1. vísar bæði til ákveðins einingafjölda og stöðu náms á háskólastigi þarf að vera alveg ljóst út frá hvorum þættinum skilgreiningin gengur. Mikilvægt er að gaumgæfa og tryggja að viðmiðin eins og þau eru uppsett komi ekki í veg fyrir að list- og verkgreinakennarar njóti sama sveigjanleika á milli skólastiga og aðrir kennarar. Líklega þarf að skýra stöðu þeirra betur en gert er í drögunum.

Kennarasambandið telur eðlilegt að kennarar, t.d. í tónlistarskólum, sem uppfylla öll skilyrði laganna um hæfni og menntun geti í krafti þess hlotið þá viðurkenningu sem leyfisbréf er enda sé til opinber námskrá um starfsemi skólanna og uppbygging og inntak námsins sé í samræmi við annað kennaranám. Leggjum við til að útfærsla á starfsréttindum í tónlistarskólum verði unnin í góðu samstarfi ráðuneytisins, Sambands sveitarfélaga og KÍ.

Að öðru leyti vísar Kennarasambandið til umsagna einstakra aðildarfélaga um sérhæfð viðmið.

7. gr. Kennararáð

Kennararáði er falið stórt hlutverk í lagadrögunum. Kennarasamband Íslands fagnar þeirri áherslu sem lögð er á sveigjanleika og samráð. Reynslan hefur sýnt að það er öflug leið til framfara í menntamállum. Jafnframt telur sambandið að mikilvægt sé að skerpa á formlegu hlutverki kennararáðs og skýra nokkuð frá því sem er í drögunum. Þá þarf að skoða hlutverk þess og stöðu sérstaklega með hliðsjón af því samráði sem þegar er til staðar og hlutverki svipaðra kennararáða erlendis.

Hér má nefna að kennararáði er m.a. ætlað að koma í stað samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Samstarfsráð hefur á síðustu misserum unnið mjög mikilvægt starf við mótun og stefnumörkun í skólastarfi. Verði samstarfsráðið lagt niður er mikilvægt að finna þessum verkefnum farveg innan kennsluráðsins og tryggja samstarf og aðkomu háskóla, ráðuneytis, sveitarfélaga og Kennarasambandsins um starfsþróun kennara og þau verkefni sem eru á hendi samstarfsráðsins nú. Sem dæmi um verkefni má nefna að vera menntayfirvöldum til ráðgjafar um málefni er varða starfsþróun kennara og skólastjórnenda og tengja saman aðila er koma að starfsþróun. Þá væri



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

mikilvægt að kennararáð hefði forystu í upplýsingaöflun, umræðu, stefnumótun og miðlun um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Starfshópur um framtíðarskipan kennaramenntunar frá árinu 2006 lagði á það áherslu að hér á landi yrði til kennararáð að írskri og skoskri fyrirmynd. Sú skipan sem nú liggur fyrir í drögum er ekki nema að nokkru leyti í samræmi við hinar erlendu fyrirmyndir. Ástæða er til að skoða þennan þátt málsins betur. Kennararáð geta verið öflugur vettvangur til að standa vörð um fagmennsku og gæði í skólasamfélaginu. Til þess að svo geti verið þurfa þau vel skilgreind verkefni, umboð og stuðning. Ef horft er til Skotlands og Írlands sjáum við hve öflug slík ráð geta verið ef rétt er á málum haldið. Þá bendum við á að kennararáði þarf að fylgja fjármögnun frá upphafi enda er það gert í þeim ríkjum sem hér um ræðir.

Loks leggur Kennarasambandið til að í kennararáði eigi ekki aðeins sæti fulltrúar skólastiganna þriggja, heldur allra skólagerða sem heyra undir sambandið.

8. gr. Starfsheiti og leyfisbréf

Mikilvægt er að nám sem viðurkennt er til kennsluréttinda hafi verulegt kennslufræðilegt inntak. Kennarasambandið fagnar því að háskólum sé treyst til að útfæra nám til kennsluréttinda með fjölbreyttum hætti. Sérstaklega er ánægjulegt að kennarar hafi val um Með og MT gráðu og að háskólar fái þannig viðtækari heimild til að útfæra réttindanámið.

9. gr. Útgáfa leyfisbréfa

Að því gefnu að öflugt og virkt samráð sé um kennaramenntun, t.d. á vettvangi kennararáðs, telur Kennarasambandið eðlilegt að háskólarnir séu leiðandi í inntaki kennaramenntunar og útgáfu leyfisbréfa.

10. gr. Réttindi sem aflað er í ríki innan EES eða í aðildarríki EFTA

Kennarasambandið vísar aftur til umsagnar um hæfniviðmiðin og þess að almennt skuli gera kröfur til kennara um góða íslenskukunnáttu enda sé það í samræmi við 53. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB. Þá telur Kennarasambandið að meta þurfi í einstökum tilvikum hvort kennarapróf, tekin erlendis, uppfylli þær menntunar- og hæfnikröfur sem gerðar eru til kennara hér á landi, að teknu tilliti til þeirra laga og reglna sem gilda um slíkt mat.



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

11. gr. Ráðningar

Kennarasamband Íslands telur eðlilegt að kröfur um ráðningar til starfa með börnum og ungmennum séu samræmdar við ákvæði Æskulýðslaga nr. 70/2007. Í greininni kann ennfremur að vera á ferðinni ósamræmi við 5. gr. í tilfelli stjórnenda. Hér er gert ráð fyrir því að stjórnendur geti öðlast sérhæfða hæfni annarsvegar með námi og hinsvegar í starfi sem kennari. Það vekur spurningar um það hvernig kennari geti öðlast stjórnunarreynslu ef slík reynsla er forsenda þess að hljóta ráðningu í slíkt starf. Hugmyndafræðina á bak við þetta þarf að skýra.

18. gr. Undanþágueimild

Kennarasambandið fagnar því að leiðbeinendur í réttindanámi fái aukið starfsöryggi. Það er mikilvægt að skapa hvata til réttindanáms og nauðsynlegur liður í því að manna skólakerfið með réttindakennurum.

Að marggefnu tilefni tekur Kennarasambandið algjörlega ótækt að leggja niður störf undanþágunefndar og fela Menntamálastofnun einni að veita undanþágubeiðnir. Til að ná þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa sett um hæfni og menntun kennara þarf að vera til staðar öflugt aðhald gagnvart veitingu starfsheimilda á grundvelli undanþágu. Þá er réttindastaða þessa hóps verulega skert og mun lakari en viðtekin lágmarksréttindi á íslenskum vinnumarkaði. Kennarasambandið leggur því ríkulega áherslu á að undanþágubeiðnir hljóti faglega og formlega meðferð hér eftir sem hingað til.

Ragnar Þór Pétursson

formaður Kennarasambands Íslands

Anna María Gunnarsdóttir

varaformaður Kennarasambands Íslands